

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 143/2007

frá 26. október 2007

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun 2002/21/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5ct (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/928/EB):
„5cu. **32007 R 0717**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun 2002/21/EB (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 5cl (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB):
„, eins og henni var breytt með:
– **32007 R 0717**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 717/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 36, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.